

Fundargerð

279. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Miðvikudaginn 15. janúar 2020 kl. 09⁰⁰ – 11⁰⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Guðrún Ragnarsdóttir (GR) Strategía
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.) Ása Hauksdóttir (ÁH) Úrvs.
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) Íris Gunnarsdóttir (ÍG) Úrvs.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Guðfinnur Johnsen (GJ) vm. HLM

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

2. Stefnumótun

GR fór yfir drög að stefnumótun í framhaldi af fundi með LHG og starfsmönnum 9. janúar sl.. Framhaldið var vinnu við stefnumótun. GR, ÁH og ÍG yfirlög fund kl. 10:00.

3. Úrvinnslusjóður

Lagt var fram á fundinum bréf Úrvinnslusjóðs er sent var til umhverfis- og auðlindaráðherra, þar sem óskað var eftir því að ráðherra beiti sér fyrir því að klára afgreiðslu ársreikninga sjóðsins og að sett verði niður framtíðarsýn um rekstur úrvinnslugjaldakerfis.

LHG fór yfir að niðurstaða Reikningsskilaráðs á fundi 18. desember 2019 var að úrvinnslugjald sé skattur. Með fylgdi sérstök bókun Reikningsskilaráðs á þá leið að ákvörðunin hafi verið tekin samkvæmt reikningsskilastöðlum en ýmis ríki hafa sett fram athugasemdir við þá. Birtur var tölvupóstur frá Reikningsskilaráði um úrskurðinn. ÓK falið að svara tölvupóstinum þar sem fram komi eftirfarandi bókun:

Fulltrúar atvinnulífsins munu skoða hvort ekki sé ástæða að leita með málið til ESA er varðar framkvæmd á framleiðendaábyrgð, þar sem tekjur af úrvinnslugjaldi eru skilgreindar sem skatttekjur.

Einnig óskar stjórn eftir að bréf Úrvinnslusjóðs til umhverfis- og auðlindaráðherra verði sent fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Stjórnarmenn upplýstu að til stæði að senda inn umsögn í nafni umbjóðenda sinna við breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs sem og breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ákveðið að senda inn umsögn stjórnar Úrvinnslusjóðs til að ítreka áðursent bréf til umhverfis- og auðlindaráðherra frá því í desember með bókun.

4. Pappaumbúðir

Stjórn hefur á fyrri fundum fjallað um erindi þjónustuaðila um erfiðari aðstæður á pappamarkaði. Lægri verð, hærri gæðakröfur og hærri kostnaður við meðhöndlun.

Handwritten signatures and initials:
LHG
BSB
HLM
ÓK
GS
GR
ÁH
ÍG
GJ

Farið var yfir verðþróun á markaði og endurgjald sjóðsins til þjónustuaðila.
ÓK fór yfir drög að kostnaðarlíkani og viðbætur við það frá síðasta fundi stjórnar.
Umræðu frestað.

5. Raftæki

Frestað

6. Fundaáætlun

Lögð var fram á fundinum fundaáætlun janúar – júlí 2020. Fundardögum í mars breytt.
Staðfesting send stjórnarmönnum í tölvudagbók.

Samþykkt.

7. Ráðstöfunaraðilar

Lögð fram á fundinum umsókn fyrir nýja ráðstöfunaraðila í eftirtöldum vöruflokkum:

Förgun spilliefna:
Fortum Waste Solutions A/S
Lindholmsvej3 DK-5800
Nyborg
Danmark

Van Peperzeel BV
James Wattlaan 6
Lelystad
Holland

Úrvinnsl raf- og rafeindatækja flokkur 2 skjáir:

Remondis Electrorecycling GmbH.
Brunnenstrasse 138
Lünen
Germany

Hjólbarðar:
Granuband BV.
Siciliëweg 20, 1045 AS
Amsterdam
Holland
Samþykkt.

8. Önnur mál

Engin

Næsti fundur 29. janúar 2020 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 11:00

Benjamin Steinhilber
Laufey Helga Arnsmundsd.

Brigitte Greenhalgh
Eggjardur Magnúsdóttir